

KVIK1SJ05

Kvikmyndir, samfélag og jaðarsetning

Einingafjöldi: 5

Prep: 1

Lýsing

Í áfanganum skoða nemendur hvernig kvikmyndir móta og endurspegla hugmyndir um vald, norm og jaðarsetningu í samfélaginu. Nemendur greina hvernig jaðarsettir hópar eru sýndir í kvikmyndum og hvernig frásagnir geta bæði styrkt staðalmyndir og brotið þær niður. Meginþemu eru kyn og kyngervi, kynþáttur og menningarleg sjálfsmynd, fötlun og sýnileiki, stétt og efnahagsleg staða, hinsegin frásagnir og ungt fólk og vald.

Áhersla er lögð á:

- gagnrýna greiningu
- sjónrænt læsi
- samfélagsvitund
- skapandi svör

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- menningarmun ýmissa landa út frá tilteknu þema í kvikmyndum
- mismunandi túlkunarleiðum þjóða til að koma á framfæri ákveðnum boðskap í kvikmyndum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- túlka og gagnrýna kvikmyndir út frá tilteknu þema
- hlusta á og öðlast frekari skilning á ólíkum tungumálum með tiltekið þema í forgrunni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bera saman hvernig tiltekið þema birtist í kvikmyndum frá ýmsum löndum
- átta sig á ólíku tungutaki ýmissa þjóða þar sem tiltekið þema er haft til hliðsjónar
- lesa í ólíka menningu þjóða hvað varðar tiltekið viðfangsefni

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.